



## Umsögn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni:

Þann 17. desember 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í borgarstjórn svohljóðandi tillögu um úrlausn deilumála milli leigjanda Félagsbústaða:

*Flokkur fólksins leggur til að velferðarsvið ásamt Félagsbústöðum móti úrræði fyrir úrlausn deilumála sem vakna á milli leigjenda Félagsbústaða og ráðist í aðgerðir til að aðstoða þá sem búa í félaglegu leiguhúsnaði eða óska eftir félaglegu húsnaði sem jafnframt glíma við fíknisjúkdóma. Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að velferðarsvið í samvinnu við Félagsbústaði sem hefur fengið ríka ábyrgð til að halda utan um leigjendahópinn, veiti stuðning og ráðgjöf og svari kalli hans um aðstoð eftir atvikum. Til dæmis er mikilvægt að leigjendur sem eru í erfiðum aðstæðum sem geta verið af ýmsum toga hafi aðgang að ráðgjöf og jafnvel fagaðila ef vandinn tengist á einhvern hátt búsetu þeirra hjá Félagsbústöðum. Flokkur fólksins hefur sérstakar áhyggjur af þeim hópi leigjenda sem glímur við fíknivanda og velt er upp spurningum hvort borgin geti komið sterkar inn í að aðstoða þá sem vilja aðstoð t.d. með ráðgjöf eða meðferð. Hugmynd um teymi sem sinnti þessum hópi sérstaklega hefur komið upp hjá fulltrúa Flokks fólksins. Sú hugmynd kallar á að borgin þrói úrræði fyrir fólk með fíknivanda. Eins og staðan er núna eru þessi úrræði, aðallega hjá SÁÁ og svo hjá félagssamtökum sem taka að sér endurhæfingu, sporavinnu, námskeið og annan stuðning. Margra mánaða biðlisti er í öllu þessi úrræði.*

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs.

### Umsögn:

Þegar upp kemur deilumál milli leigjanda Félagsbústaða þá getur íbúi haft samband við Félagsbústaði, greint frá ástæðu deilumáls og óskað eftir aðstoð varði málið umgengni á eign, hávaða eða truflunum af öðrum völdum. Starfsmaður Félagsbústaða hefur þá samband við leigjanda sinn og bendir honum á skyldur leigutaka.

Leigjendur sem eiga í erfiðum aðstæðum af ýmsum toga eiga að hafa aðgang að ráðgjafa á þjónustumiðstöð sem oft aðstoða við samskipti við Félagsbústaði ef á þarf að halda.

Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum og Félagsbústaðir vinna auk þess oft saman að lausn deilumála í samstarfi við viðkomandi leigjanda/leigjendur.

Vettvangs- og ráðgjafarteymi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíðar er úrræði sem sérstaklega aðstoðar við fólk með fíknivanda, hlutverk þeirra er að veita fólki margvíslega aðstoð til að halda húsnæði sínu og leiðbeina þeim með ýmis samskipti s.s. heilsugæslu, geðdeildir og Félagsbústaði. Á undanförmum árum hafa fjárframlög til starfsemi VoR teymisins aukist, meðal annars með fjölgun stöðugilda og ráðningu sérstaks deildarstjóra sem sérhæfir sig í þessum málaflokki.